

Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í fullskipaðri málnefnd fimmtudaginn 15. apríl og hófst hann kl. 15. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Arnhildur Arnaldsdóttir, Ásgrímur Angantýsson, Dagný Heiðdal, Eva María Jónsdóttir, Guðrún Baldvinsdóttir, Hafsteinn Karlsson, Jóhann R. Kristjánsson, Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Kristín Margrét Jóhannsdóttir, Luciano Dutra, Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Steinunn Stefánsdóttir, Sverrir Árnason og Sölvi Björn Sigurðsson. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Fréttir af starfi málnefndar

Formaður setti fundinn og sagði fréttir af starfi málnefndar. Stefnuskrá Íslenskrar málnefndar fyrir tímabilið 2020–2024 er á heimasíðu málnefndarinnar, islenkskan.is. Megináhersla í starfi nefndarinnar árið 2021 er íslenska í skólakerfinu. Árlegt málræktarþing verður haldið í Þjóðminjasafninu 30. september og er yfirskrift þess Íslenskukennsla á 21. öld.

Málnefndin hefur sent nokkur bréf, umsagnir og ábendingar. Málnefndin hefur verið virk á Twitter frá mars á síðasta ári. Þar er birtur ýmiss konar málfróðleikur og leiðbeiningar og einnig sagt frá starfi málnefndarinnar.

Í þingsályktun frá 2019 um að [efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi](#) er kveðið á um að endurskoða íslenska málstefnu til samræmis við breytta tíma og að ný málstefna liggi fyrir í árslok 2020.

Málnefndin benti á að það væri of skammur tími og er nú gert ráð fyrir að endurskoðun málstefnunnar ljúki í maí. Drög að málstefnunni hafa verið send ýmsum aðilum til umsagnar.

2. Íslensk málstefna, umræður

Fundarmönnum var skipt upp í þrjá hópa til að ræða fyrirbyggjandi drög að málstefnunni.

a) Hópur 1

Fyrsti hópur (Anna Sigríður, Kristín Margrét, Sölvi Björn, Jóhann, Luciano og Ágústa) fjallaði um kafla 1–4 í málstefnunni (Málrækt og viðhorf til íslensku; Jafnrétti, jafnræði og fjölmenningslegt samfélag; Máluppeldi barna og Íslenska sem annað mál).

Í heildina var hópurinn ánægður með málstefnuna. Tillaga kom um að færa kaflann íslenska sem annað mál fyrir aftan skólakaflann. Í umræðum kom fram að ekki væri alveg ljóst í huga allra fyrir hvern íslensk málstefna er og hvaða skilning eigi að leggja í orðið málstefna. Æskilegt er að sá vafi sé tekinn af í inngangi að málstefnunni og líka inngangi að greinargerðinni, það er hvort hún er ætluð landsmönnum öllum eða stjórnslu og atvinnulífi fyrst og fremst.

Lagt til að bæta inn málræktarkaflann punkti um mikilvægi varðveislu málsins og samfellu í sögunni. Rætt var að allir eigi að hafa tækifæri til að rækta sitt móðurmál sitt, sama hvert það er. Ýmsar ábendingar komu um orðalag.

b) Hópur 2

Annar hópur (Eva María, Ásgrímur, Sverrir, Guðrún, Hafsteinn og Arnhildur) ræddi um kafla 5 í málstefnunni (Íslenska í skólakerfinu).

Rætt um íslensku í skólakerfinu og íslensku sem námsgrein. Íslenska er ekki meðal vinsælustu námsgreina en þó talin mikilvæg. Málfræði má ekki vera staglkennd í kennslu. Mikilvægt að hafa jákvæðan tón. Við þurfum ekki að vera í vörn. Skiptar skoðanir um það hvort ritun eigi að verða sérstök kennslugrein. Íslenska þarf að hafa meira vægi í menntun kennara. Allir kennarar þurfa að hafa

einhvern grunn í íslensku sem annað mál. Erlendir starfsmenn í grunnskólum eiga að fá aukna menntun í íslensku og á vinnutíma en ekki utan vinnu hjá öðrum námskeiðshöldurum. Þeir eru líka mikilvæg fyrirmynd fyrir börnin sem eru með annað tungumál. Rætt um spjaltdölvur sem námstæki og þarfir skólabókasafna.

c) Hópur 3

Þriðji hópur (Árman, Steinunn, Dagný, Jóhannes og Melkorka) ræddi einkum liði 6-9 í málstefnunni ((Íslenska í háskólum og rannsóknarstarfi; Íslensk máltækni; Menning og miðlar og Íslenska í stjórnsýslu, opinberri þjónustu og atvinnulífi).

Almennt þótti formið vel heppnað og líklegt til árangurs og að þessi stefna væri framfaraskref frá stefnunni 2008 sem einnig var mikilvægt framfaraskref. Hópnum var aðgengi hugleikið og bent var á nokkur atriði sem mætti hnykkja á. Athugasemdir snerust annars einkum um áherslur á miðlun og nýmiðlun og bent var á nokkur mikilvæg atriði sem ekki höfðu ratað inn í stefnuna. Rétt þótti að færa einstaka liði úr greinargerð í stefnuna sjálfa. Þá voru ýmsar orðalagsathugasemdir sem hópurinn var almennt sammála um.

3. Stutt kynning á athugasemdum hópa

Í lok fundarins kynnti hver hópur helstu athugasemdir sem fram komu við umræður um málstefnuna.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 16:25.

Árman Jakobsson

sign.

Ágústa Þorbergsdóttir

sign.